

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 7. febrúar 2023

Mál nr. E-5933/2021:

**Tómas Kristjánsson og Berglind Anna Zoega Magnúsdóttir**

*(Ingvi Hrafn Óskarsson lögmaður)*

**gegn**

**Landsbankanum hf.**

*(Andri Árnason lögmaður)*

## Dómur

- Mál þetta var höfðað 8. desember 2021 og tekið til dóms 20. janúar 2023. Stefnendur eru Berglind Anna Zoega Magnúsdóttir og Tómas Kristjánsson, bæði til heimilis [...]. Stefndi er Landsbankinn hf., [...].
- Stefnandinn Berglind Anna gerir þá kröfu að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 1.703.524 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 580.256 krónum frá og með 13. janúar 2018 til 30. janúar 2018, af 606.743 krónum frá og með 31. janúar 2018 til 6. mars 2018, af 633.136 krónum frá og með 7. mars 2018 til 31. maí 2018, af 668.371 krónu frá og með 1. júní 2018 til 5. september 2018, af 789.190 krónum frá og með 6. september 2018 til 1. nóvember 2018, af 851.272 krónum frá og með 2. nóvember 2018 til 9. desember 2018, af 882.150 krónum frá og með 10. desember 2018 til 24. janúar 2019, af 944.346 krónum frá og með 25. janúar 2019 til 4. febrúar 2019, af 970.227 krónum frá og með 5. febrúar 2019 til 2. apríl 2019, af 1.000.768 krónum frá og með 3. apríl 2019 til 30. maí 2019, af 1.061.894 krónum frá og með 31. maí 2019 til 2. júlí 2019, af 1.092.309 krónum frá og með 3. júlí 2019 til 30. ágúst 2019, af 1.126.932 krónum frá og með 31. ágúst 2019 til 29. september 2019, af 1.178.389 krónum frá og með 30. september 2019 til 2. október 2019, af 1.203.400 krónum frá og með 3. október 2019 til 29. nóvember 2019, af 1.233.162 krónum frá og með 30. nóvember 2019 til 2. janúar 2020, af 1.262.912 krónum frá og með 3. janúar 2020 til 3. febrúar 2020, af 1.292.571 krónu frá og með 4. febrúar 2020 til 6. febrúar 2020, af 1.317.285 krónum frá og með 7. febrúar 2020 til 1. mars 2020, af 1.341.654 krónum frá og með 2. mars 2020 til 2. apríl 2020, af 1.366.060 krónum frá og með 3. apríl 2020 til 30. apríl 2020, af 1.390.302 krónum frá og með 1. maí 2020 til 1.

júní 2020, af 1.414.546 krónum frá og með 2. júní 2020 til 1. júlí 2020, af 1.438.721 krónu frá og með 2. júlí 2020 til 3. ágúst 2020, af 1.462.887 krónum frá og með 4. ágúst 2020 til 31. ágúst 2020, af 1.486.981 krónu frá og með 1. september 2020 til 30. september 2020, af 1.511.074 krónum frá og með 1. október 2020 til 2. nóvember 2020, af 1.535.164 krónum frá og með 3. nóvember 2020 til 30. nóvember 2020, af 1.559.235 krónum frá og með 1. desember 2020 til 3. janúar 2021, af 1.583.198 krónum frá og með 4. janúar 2021 til 4. febrúar 2021, af 1.607.124 krónum frá og með 5. febrúar 2021 til 1. mars 2021, af 1.630.909 krónum frá og með 2. mars 2021 til 15. apríl 2021, af 1.655.779 krónum frá og með 16. apríl 2021 til 2. maí 2021, af 1.679.620 krónum frá og með 3. maí 2021 til 1. júní 2021 og af 1.703.524 krónum frá og með 2. júní 2021 til greiðsludags. Til vara gerir stefnandinn Berglind þá kröfu að stefndi greiði henni 1.182.593 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá og með 1. júní 2021 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi greiði henni fjárhæð að mati dómsins, sem ákvörðuð verði með hliðsjón af útreikningi stefnda sem geti að líta á dómskjali nr. 26 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá og með 1. júní 2021 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess jafnframt, ef ekki verður fallist á að miða upphafsdag dráttarvaxta við þá daga sem tilgreindir eru í aðal- eða varakröfu, að miðað verði við að krafa stefnanda beri dráttarvexti frá 18. júlí 2021, sbr. 6. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Þá krefst hún þess að stefndi greiði henni málskostnað.

3. Stefnandinn Tómas gerir þá kröfu að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.785.762 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af 590.953 krónum frá og með 10. janúar 2018 til 12. janúar 2018, af 619.913 krónum frá og með 13. janúar 2018 til 30. janúar 2018, af 647.755 krónum frá og með 31. janúar 2018 til 6. mars 2018, af 675.496 krónum frá og með 7. mars 2018 til 1. maí 2018, af 708.148 krónum frá og með 2. maí 2018 til 31. maí 2018, af 740.808 krónum frá og með 1. júní 2018 til 27. júní 2018, af 773.317 krónum frá og með 28. júní 2018 til 1. ágúst 2018, af 805.704 krónum frá og með 2. ágúst 2018 til 22. ágúst 2018, af 838.046 krónum frá og með 23. ágúst 2018 til 4. september 2018, af 865.453 krónum frá og með 5. september 2018 til 1. nóvember 2018, af 897.670 krónum frá og með 2. nóvember 2018 til 9. janúar 2019, af 966.621 krónu frá og með 10. janúar 2019 til 17. janúar 2019, af

993.882 krónum frá og með 18. janúar 2019 til 4. febrúar 2019, af 1.021.088 krónu frá og með 5. febrúar 2019 til 2. apríl 2019, af 1.052.953 krónum frá og með 3. apríl 2019 til 30. maí 2019, af 1.116.734 krónum frá og með 31. maí 2019 til 2. júlí 2019, af 1.148.466 krónum frá og með 3. júlí 2019 til 30. ágúst 2019, af 1.238.442 krónum frá og með 31. ágúst 2019 til 2. október 2019, af 1.264.733 krónum frá og með 3. október 2019 til 29. nóvember 2019, af 1.295.778 krónum frá og með 30. nóvember 2019 til 2. janúar 2020, af 1.326.813 krónum frá og með 3. janúar 2020 til 12. janúar 2020, af 1.353.887 krónum frá og með 13. janúar 2020 til 6. febrúar 2020, af 1.379.864 krónum frá og með 7. febrúar 2020 til 1. mars 2020, af 1.405.478 krónum frá og með 2. mars 2020 til 2. apríl 2020, af 1.431.131 krónu frá og með 3. apríl 2020 til 30. apríl 2020, af 1.456.609 krónum frá og með 1. maí 2020 til 1. júní 2020, af 1.482.090 krónum frá og með 2. júní 2020 til 1. júlí 2020, af 1.507.500 krónum frá og með 2. júlí 2020 til 31. júlí 2020, af 1.532.901 krónu frá og með 1. ágúst 2020 til 25. ágúst 2020, af 1.558.225 krónum frá og með 26. ágúst 2020 til 30. september 2020, af 1.583.549 krónum frá og með 1. október 2020 til 2. nóvember 2020, af 1.608.868 krónum frá og með 3. nóvember 2020 til 30. nóvember 2020, af 1.634.170 krónum frá og með 1. desember 2020 til 3. janúar 2021, af 1.659.354 krónum frá og með 4. janúar 2021 til 4. febrúar 2021, af 1.709.496 krónum frá og með 1. mars 2021 til 15. apríl 2021, af 1.735.586 krónum frá og með 16. apríl 2021 til 29. apríl 2021, af 1.760.645 krónum frá og með 30. apríl 2021 til 31. maí 2021, af 1.785.762 krónum frá og með 1. júní 2021 til greiðsludags.

Til vara gerir stefnandinn Tómas þá kröfu að stefndi greiði honum 1.182.593 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá og með 1. júní 2021 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum fjárhæð að mati dómsins, sem ákvörðuð verði með hliðsjón af útreikningi stefnda sem geti að líta á dómskjali nr. - 27 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu af þeirri fjárhæð frá og með 1. júní 2021 til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess jafnframt, ef ekki verður fallist á að miða upphaf dráttarvaxta við þá daga sem að tilgreindir eru í aðal- eða varakröfu, að miðað verði við að krafa stefnanda beri dráttarvexti frá 18. júlí 2021, sbr. 6. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

Þá krefst hann þess að stefndi greiði honum málskostnað.

4. Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnenda.

5. Leyst var úr kröfu stefnenda um hvort leita skyldi ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins með úrskurði sem kveðinn var upp 23. júní 2022 þar sem henni var hafnað. Úr því var jafnframt leyst með úrskurði 10. júní 2022 að ekki væri tilefni til að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum af hálfu dómsins.

#### *Málsatvik*

6. Ágreiningur aðila lýtur að ákvæðum tveggja verðtryggðra skuldabréfa með sjálfskuldarábyrgð sem stefnendur rituðu undir 8. júní 2006 gagnvart forvera stefnda, Landsbanka Íslands hf. Bæði rituðu undir hvort sína lánsúmsóknina hjá Landsbanka Íslands hf. Umsóknirnar báru undirskriftir stefnenda annars vegar sem skuldara og hins vegar sem ábyrgðarmanns. Í þeim kom meðal annars fram í stöðluðum texta að stefnendur hefðu kynnt sér bæklinga um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila, auk samkomulags um það efni sem fjármálastofnanir eigi aðild að. Lítið var fyllt inn í þar til gerðar eyður í umsóknareyðublöðunum en þess þó getið í þeim báðum að markmið með lánveitingunum væri greiðsla skuldar vegna yfirdráttar á tilteknum tékkareikningi. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um yfirdráttarlán þetta en miðað við fjárhæð skuldabréfa stefnenda virðist fjárhæð þess hafa numið um 4.700.000 krónum. Stefnendur gáfu ekki skýrslu fyrir dómi þannig að ekki hefur verið upplýst um vaxtakjör þessa yfirdráttarláns. Ef höfð er hliðsjón af vaxtatöflu Landsbanka Íslands hf. frá þeim tíma námu vextir slíkra lána annað hvort 20,45% eða 21,30% er stefnendur greiddu yfirdráttinn upp með þeim fjármunum sem þau fengu við útgáfu skuldabréfanna sem eru til umfjöllunar í málinu. Að auki kemur fram í þeim hlutum umsóknareyðublaðanna sem ætlaðir voru fyrir áritun starfsmanna forvera stefnda að skuldarnar féllu einnig undir tryggingarbréf. Engin frekari grein hefur verið gerð fyrir þeirri tryggingu en staðhæft við málflutning af hálfu stefnda að slíkum tryggingum hefði ekki verið til að dreifa. Lánsúmsóknunum fylgdu greiðsluáætlanir þar sem gerð var grein fyrir áætlunum afborgana á lánstímanum og tekið fram að þær byggðu á þágildandi vöxtum og gjaldskrá Landsbanka Íslands hf., sem gæti tekið breytingum í samræmi við ákvæði skuldabréfanna. Stefnendur rituðu undir þessar greiðsluáætlanir.
7. Samkvæmt yfirskrift beggja skuldabréfanna voru þau lán til einstaklinga með óskiptri sjálfskuldarábyrgð. Stefnendur gengust í sjálfskuldarábyrgð hvort gagnvart öðru á skuldum samkvæmt skuldabréfunum. Tekið var fram í þeim að með undirritun sinni sem sjálfskuldarábyrgðarmenn staðfestu stefnendur að hafa kynnt sér efni upplýsingabæklings

Landsbanka Íslands hf. um persónuábyrgðir og veðtryggingar þriðja aðila og til þess vísað að bankinn væri aðili að samkomulagi fjármálafyrirtækja, stjórnvalda og Neytenda-samtakanna um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Bæði lánin voru bundin vísitölu neysluverðs. Tekið var fram að höfuðstóll skuldanna breyttist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til gjalddaga á hverjum tíma. Höfuðstóllinn skyldi reiknaður út á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun væru reiknuð út. Kveðið var á um að afborganir skyldu reiknaðar þannig að á hverjum gjalddaga væri vísitöluálagi bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga sem þá væru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem væri til greiðslu í það skiptið. Skuldabréfin kváðu einnig á um svonefnda kjörvexti, 5,25%, auk 2% vaxtaálags, þannig að vextir voru samtals 7,25% í samræmi við gildandi vaxtatöflu Landsbanka Íslands hf. er skuldabréfin voru gefin út.

8. Lánsfjárhæð hvors skuldabréfs fyrir sig var 2.350.000 krónur og lánstíminn 15 ár með mánaðarlegum afborgunum. Fyrsti gjalddagi afborgunar og vaxta var samkvæmt skuldabréfunum 1. júlí 2006 og munu vextir vegna fyrstu gjalddaganna hafa verið reiknaðir frá 9. júní 2006 eftir því sem fram kemur í gögnum málsins.
9. Í báðum skuldabréfunum voru sérstök ákvæði er lutu að heimild stefnda til að breyta þessum vöxtum. Ákvæðin voru svohljóðandi: *Af láni þessu greiðast breytilegir ársvextir, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma af Landsbanka Íslands hf. og tekur það jafnt til kjörvaxta og vaxtaálags. Vextirnir greiðast eftir á, á sömu gjalddögum og afborganir, nema um annað sé samið. Landsbanka Íslands hf. er heimilt hvenær sem er á lánstímanum að hækka eða lækka framangreinda vexti, þ.m.t. vaxtaálag í samræmi við vaxtaákrvarðanir Landsbanka Íslands hf. á hverjum tíma og/eða færa lánið á milli vaxtaflokka, svo sem ef breytingar verða á fjárhagsstöðu og endurgreiðslumöguleikum útgefanda, ef breytingar verða á kjörvaxtakerfi bankans eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. Ákveði Landsbanki Íslands hf. breytingar [...] verður útgefanda tilkynnt um það sérstaklega eða með almennri auglýsingu, eftir atvikum, og ástæður þess tilgreindar. Vilji útgefandi ekki una breytingunni er honum heimilt að greiða skuldina upp með því vaxtaálagi sem í gildi var fram að breytingunni, enda hafi hann að fullu greitt skuldina innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar Landsbanka Íslands hf.*
10. Lán stefnenda voru framseld til stefnda samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 9. október 2008.

11. Stefnendur greiddu af lánunum mánaðarlega, oftast á réttum gjalddögum en með nokkrum undantekningum, frá 1. júlí 2006 til og með 1. júní 2021 vegna láns stefnandans Tómasar og þá greiddir dráttarvextir en greiðsla þeirra veldur því að krafa hans er hærri en stefnandans Berglindar. Lán hennar var greitt upp 2. júní 2021. Þar með voru lánin að fullu greidd að 15 ára lánstíma liðnum. Á þeim árum sem stefnendur voru að greiða af lánunum gerðu þau aldrei athugasemdir við útreikning, gjalddaga eða breytingar á vöxtum lánanna eftir því sem upplýst er.
12. Á lánstímanum breytti stefndi og forveri hans kjörvöxtum lánanna margítrekað. Af gögnum málsins má ráða að þeim vöxtum hafi fyrst verið breytt í ágúst 2006 þegar þeir hækkðu úr 7,25% í 7,32%, að meðtöldu 2% vaxtaálagi. Vextirnir hækkðu síðan í kjölfarið nokkuð reglulega fram til janúar 2008 er þeir voru orðnir 10,8%. Þannig héldust þeir fram í mars 2009 en þá hafði stefndi fengið lánin framseld. Frá þeim tíma tóku vextir þeirra að lækka og lækkuðu í öllum aðalatriðum frá þeim tíma. Þannig voru þeir 8,3% í desember 2009, 7,63% í desember 2010 og 7,4% í desember 2011. Vextirnir urðu lægri en upphafsvextir lánanna, eða 7,17%, 1. mars 2012. Í kjölfar þessa urðu vextirnir 7,05% á tímabilinu frá apríl 2012 til október 2014. Á tímabilinu nóvember 2014 til nóvember 2018 hækkðu vextirnir á ný í 7,2%. Frá desember 2018 lækkuðu þeir síðan; fyrst í 7,1%, síðan 6,7%, 6,4%, 6,1%, 5,7% og síðan 5,6%, en þá ársvexti báru skuldabréfin við uppgreiðslu 1. júní 2021. Umsamið vaxtaálag, 2%, breyttist ekki á gildistíma lánanna, einvörðungu kjörvextirnir.
13. Stefnendur munu hafa kynnt sér á árinu 2021 umfjöllun Neytendasamtakanna um þróun breytilegra vaxtakjara íslensku viðskiptabankanna, þar á meðal stefnda. Samtökin munu hafa byggt á því að breytilegir vextir stefnda sem væru viðmiðunarevntir neytendalána hans hafi lækkað minna frá árinu 2018 en þau viðmið sem horfa ætti til á markaði; meginvaxta Seðlabanka Íslands, vaxta á millibankamarkaði og skuldagerninga viðskiptabankanna, þar á meðal stefnda. Þau hafi svo í kjölfarið leitað fulltingis lögmanns til að gæta réttar síns gagnvart stefnda.
14. Stefnendur byggja á því að þau hafi af framangreindum sökum greitt hærri vexti af láninu en rétt hefði verið. Stefndi hafi á hinn bóginn hafnað þeim máltilbúnaði sem leitt hafi til málshöfðunar þessarar.

*Helstu málsástæður stefnenda*

15. Sömu málsástæður og lagarök liggja kröfum beggja stefnenda til grundvallar þannig að þeim eru gerð skil sameiginlega.
16. Er skuldabréf stefnenda hafi verið gefin út hafi verið í gildi lög nr. 121/1994 um neytendalán sem taki til lánanna. Í skilmálum skuldabréfanna sé kveðið á um heimild lánveitanda til þess að breyta vöxtum lánanna einhliða en þar sé ekkert fjallað um ástæður eða viðmið sem lögð verði til grundvallar við slíkar breytingar. Í skilmálunum sé mælt fyrir um að vextir skiptist í kjörvexti og vaxtaálag og tekið fram að bæði kjörvextir og álagið séu breytilegt í samræmi við ákvörðun stefnda hverju sinni. Málalíbúnaður stefnenda taki þannig til vaxtakjaranna í heild sinni sem samanstanda af þessum tveimur þáttum.
17. Í 2. mgr. 6. gr. laga um neytendalán hafi verið kveðið á um að ef breyta megi lánskostnaði eða öðrum lánskjörum skuli lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geti orðið og þá skýra neytanda frá því hverjir vextir séu, hvaða gjöld falli á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið. Í 9. gr. laganna hafi enn fremur verið kveðið á um upplýsingagjöf lánveitanda við samningsgerð ef vextir eigi vera breytilegir. Þar segi: *Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.* Fyrir liggir að stefndi hafi ekki fylgt þessu lagaboði. Skilmálar skuldabréfanna um ákvörðun vaxta mæli í engu fyrir um það með hvaða hætti vextir lánanna séu breytilegir eða við hvaða aðstæður þeir breytist.
18. Með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016, sem laut að túlkun 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán, leiði brot gegn þessum lagafyrirmælum til þess að viðkomandi lánveitanda sé óheimilt að beita ákvæðum um breytilega vexti. Sambærileg ákvæði séu í núgildandi lögum í 3. mgr. 7. gr. og f-lið 2. mgr. 12. gr. laga nr. 33/2013 um neytendalán. Af því leiði að enginn gildur skilmáli sé í skuldabréfunum um ákvörðun vaxta en því megi jafna við þau tilvik sem falli undir 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu þar sem kveðið sé á um að vextir sem Seðlabanki Íslands birti samkvæmt 10. gr. laganna gildi ef vaxtafótur láns sé ekki tiltekinn, sbr. ákvæði 18. gr. sömu laga.
19. Í 1. mgr. 14. gr. laga um neytendalán hafi verið mælt fyrir um afleiðingar þess að lántöku-kostnaður eða vextir séu ekki tilgreindir í samningi en í slíkum tilvikum hafi lánveitanda verið óheimilt að krefjast þeirra. Að öðru leyti færi um vexti í neytendalánum samkvæmt

ákvæðum vaxtalaga. Af því megi ráða að reglum vaxtalaga um afleiðingar þess að ákvæði um vexti teljist ógilt hafi verið ætlað að gilda um lán sem þessi.

20. Á því sé þannig byggt að vaxtaákvæði skuldabréfanna beri að ógilda samkvæmt hinni almennu reglu samningaréttar að löggerningar sem fari gegn ófrávíkjanlegum laga-reglum teljist ógildir. Einnig sé vísað til þess að um sé að ræða lagareglu sem hafi verið sett til að vernda hagsmuni þess aðila sem lakar standi að vígi við samningsgerð og sé ætlað að koma í veg fyrir að lánveitendur misnoti þá yfirburði sem þeir hafi í samnings-sambandinu.
21. Þá sé einnig byggt á því að hér eigi við ógildingarregla 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 36. gr. c. Umræddur skilmáli um vaxtaendurskoðun raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, þar sem skilmálinn veiti öðrum samningsaðilanum einhliða óskilyrtan rétt til þess að breyta lánskjörum. Slíkur skilmáli hljóti að teljast andstæður góðum viðskiptaháttum sem veiti fjármálafyrirtæki yfirburðastöðu gagnvart neytanda og brjóti gegn afdráttarlausu lagaboði sem sé ætlað að vernda hagsmuni neytandans. Honum beri að víkja til hliðar að kröfu neytanda.
22. Í þessum efnunum sé einnig byggt á 36. og 36. gr. c laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga sem leiði til þess að umrætt ákvæði skilmálans geti ekki talist bindandi en með lögfestingu 36. gr. a–d hafi tilskipun nr. 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum verið innleidd. Veðskuldabréf stefnenda feli í sér neytendasamning í skilningi tilskipunarinnar og samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sé kveðið á um að aðildarríkjunum beri að mæla fyrir um í landslögum að óréttmætir skilmálar í samningum við neytendur skuli vera óskuldbindandi fyrir þá. Á því sé byggt að skilmáli um breytilega vexti sé óréttmætur í skilningi tilskipunarinnar sem veiti lánveitanda óskilyrta og einhliða heimild til þess að breyta vöxtum án gildrar ástæðu sem tilgreind sé í samningi á skýru og skiljanlegu máli, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 5. gr. tilskipunarinnar, en sama regla komi fram í 1. mgr. 36. gr. b laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
23. Við mat á skilmálum neytendasamninga megi hafa leiðsögn af viðauka tilskipunarinnar þar sem tilgreind séu tilvik eða dæmi um samningsskilmála sem teljist að jafnaði óréttmætir. Þar sé um að ræða svokallaðan *gráan lista* sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Í j-lið 1. gr. viðaukans sé vísað til skilmála sem hafi þau áhrif að seljanda eða veitanda sé heimilt að breyta einhliða samningsskilmálum án gildrar ástæðu sem

tilgreind sé í samningi en áréttað sé í b-lið 2. gr. að j-liður komi ekki í veg fyrir að veitandi fjármálaþjónustu áskilji sér rétt til þess að breyta vöxtum einhliða ef fyrir því sé gild ástæða. Umræddur skilmáli um breytilega vexti uppfylli bersýnilega ekki þetta skilyrði þar sem skilmálinn tilgreini engar ástæður fyrir vaxtabreytingum.

24. Í viðaukanum séu einnig ákvæði í i-lið og m-lið sem samningsskilmáli stefnda stríði gegn þar sem neytanda sé ekki gert kleift að kynna sér eða skilja forsendur vaxtabreytinga, auk þess sem skilmálinn færi lánveitanda einhliða rétt til að ákveða hvenær vaxtabreytingar séu réttlætanlegar samkvæmt samningnum.
25. Vísa megi í framangreindum efnum til dóma Evrópudómstólsins þar sem málefni af þessu tagi hafi komið ítrekað til úrlausnar. Samkvæmt þeim verði þær kröfur gerðar til samningsskilmála að forsendur og aðferð við útreikning endurgreiðslu eða vaxta þurfi að vera rækilega útskýrð á grundvelli skýrra viðmiða, sbr. til dæmis dóma dómstólsins í málum nr. C-26/13, C-186/16 og C-125/18.
26. Ákvæði skuldabréfanna um breytilega vexti veiti stefnda einhliða rétt til að ákvarða vexti lánsins án þess að nokkuð sé sagt um ástæður, viðmið eða aðferð við slíkar breytingar. Ákvæðin lúti enn fremur að aðalskyldu stefnda samkvæmt samningum sem gerðir séu til langs tíma. Þau standist því ekki þær kröfur sem leiði af ákvæðum 36. gr. b og c í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, eins og rétt sé að skýra og beita þeim samkvæmt tilskipun nr. 93/13/EBE. Í ljósi þessa og þar sem ótvírætt sé að framsetning ákvæðanna ívilni stefnda á kostnað stefnenda geti ekki verið vafi á því að vaxtaákvæðin geti ekki verið bindandi gagnvart stefnendum. Þannig sé engum gildum ákvæðum til að dreifa í skuldabréfunum um það hvernig vextir séu ákvarðaðir.
27. Skilmálarnir séu jafnframt ógildir í skilningi 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu en af því leiði skyldu til endurgreiðslu þess sem stefndi hefur ranglega haft af stefnendum, sbr. einnig 3. mgr. 36. gr. c, auk þess sem byggt sé á því að það sé jafnframt í samræmi við fyrrgreinda tilskipun að leggja 18. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu til grundvallar við ákvörðun um endurgreiðslu ofgreiddra vaxta.
28. Breytilegir vextir skuldabréfalánanna hafi þannig ekki stuðst við bindandi skilmála gagnvart stefnendum. Stefnda hafi því verið óheimilt að innheimta hærri vexti en kveðið sé á um í 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu sem Seðlabanki Íslands ákveði og auglýsi í samræmi við 10. gr. þeirra laga.
29. Stefnendur geri kröfu um endurgreiðslu úr hendi stefnda og í samræmi við fyrirmæli 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu séu skuldabréfalánin endurreiknuð eins og þau hefðu

borið vexti sem Seðlabanki Íslands ákvarði með hliðsjón af lægstu vöxtum af nýjum verðtryggðum lánnum og birti í Lögbirtingablaði samkvæmt 10. gr. sömu laga. Um sé að ræða verðtryggð lán og því sé miðað við lægstu verðtryggðu vexti.

30. Dómkrafa stefnenda styðjist við útreikning sem þau hafi aflað sér. Sá útreikningur leiði í ljós að skuld stefnandans Berglindar samkvæmt skuldabréfi númer 51512 hafi verið að fullu greidd 4. maí 2016 og að skuld stefnandans Tómasar samkvæmt skuldabréfi númer 51513 hafi verið greidd að fullu 24. júní 2016. Miðað sé þá við þá forsendu að skuldabréfalánin hefðu með réttu átt að bera framangreinda vexti sem Seðlabankinn ákvarði. Stefnukröfur stefnenda samanstandi af greiðslum sem þau hafi greitt umfram skyldu eftir að skuldabréfalánin hafi verið uppgreidd. Um sé að ræða lán með jöfnum afborgunum sem endurgreiddust með jöfnum greiðslum afborgana, að viðbættum áföllnum vöxtum og verðbótum á hverja greiðslu samkvæmt vísitölu neysluverðs. Greiðsluraðir, endurgreiðslur vaxta og afborgana á hverjum gjalddaga, komi fram á yfirlitum bankans, sem liggja fyrir meðal dómskjala. Forsendur fyrir útreikningi endurkrafna stefnenda komi fram í þessum gögnum sem stafi frá stefnda.
31. Kröfugerðirnar séu reistar á ótvíræðum rétti stefnenda samkvæmt 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu til að krefjast endurgreiðslu þeirra fjármuna sem stefndi hafi *ranglega af þeim haft*. Þær samstandi af ofgreiddum vöxtum og verðbótum vegna ranglega ákvarðaðrar stöðu höfuðstóls. Þá sé þess krafist að stefndi endurgreiði þeim vanskilagjöld og dráttarvexti þar sem ekkert lögmætt tilefni hafi verið til að krefja þau um slíkt þar sem stefnendur hafi í öllum tilvikum greitt meira af lánunum en þeim hafi borið. Engin vanskil hafi í reynd átt sér stað. Þá sé gerð krafa um endurgreiðslu alls kostnaðar, sem stefndi hafi krafist stefnendur um, eftir að skuldabréfalánin voru uppgreidd.
32. Útreikningur dómkröfunnar taki mið af því að stefndi hefði með réttu átt að draga ofgreidda vexti af höfuðstól lánanna við hverja afborgun. Þar sem um sé að ræða samrættar kröfur geti stefnendur nú með einhliða ákvörðun sinni, sem feli í sér skuldajöfnuð, miðað útreikning sinn við að ofgreiddir vextir séu dregnir frá höfuðstól lánsins þegar greiðslan hafi verið innt af hendi og kröfurnar voru hæfar til að mætast (ex tunc réttaráhrif). Í því felist einnig að stefndi hafi ranglega reiknað sér vexti af hærri höfuðstól við útreikning eftirstöðva lánanna en honum hafi verið rétt að gera.
33. Endurkröfurnar eigi rætur að rekja til þess að á hverjum gjalddaga lánanna hafi stefnendur verið krafðir um of háa vexti, kjörvexti samkvæmt vaxtatöflu Landsbankans að

viðbættu vaxtaálagi, í stað almennra vaxta sem hafi verið í gildi á viðkomandi vaxtatímabili. Af því leiði jafnframt að stefndi hafi miðað við hærri höfuðstól en honum hafi borið að gera á hverjum gjalddaga og þar með einnig krafist hærri verðbóta en hann hafi átt rétt til. Eftir að skuldabréfalánin hafi verið uppgreidd 2016 teljist allar greiðslur stefnenda ofgreiðslur.

34. Dómkrafa stefnenda er fundin á eftirfarandi hátt: Fyrst er tekinn mismunur greiddra vaxta á fyrsta vaxtatímabilinu eftir útgáfu veðskuldabréfsins og þeirra vaxta sem reiknaðir eru í samræmi við almenna vexti og mismunurinn færður til verðlags miðað við grunnvísitölu lánsins til verðtryggingar. Fyrir upphaf næsta vaxtatímabils er mismuninum ráðstafað inn á óverðbættan höfuðstól lánsins eins og bankinn ákvarðar hann og verður þá til nýr óverðbættur höfuðstóll, lægri sem nemur ráðstöfuninni. Á vaxtatímabilinu [næsta] eru reiknaðir vextir af nýja höfuðstólum með því að nota almenna vexti og tekinn mismunur á þeim og greiddum vöxtum á gjalddaga sem færðir hafa verið til verðlags miðað við grunnvísitölu lánsins til verðtryggingar. Síðan er mismuninum og greiddri óverðbætttri afborgun af láninu ráðstafað inn á nýja óverðbætta höfuðstólinn fyrir næsta vaxtatímabil og þannig koll af kalli. Samtala dráttarvaxta og vanskilagjalda á verðlagi miðað við grunnvísitölu lánsins til verðtryggingar er dregin frá nýjum óverðbættum höfuðstól á greiðsludegi þegar útreikningurinn að ofan leiðir í ljós að engin vanskil voru til staðar á greiðsludegi í ljósi ofgreiðslna. Í fyrirliggjandi útreikningum er leitt út, gjalddaga fyrir gjalddaga, hvernig ofgreiðslur lækka höfuðstól skuldabréfalánanna skref fyrir skref, þar til lánin voru uppgreidd á árinu 2016.
35. Upphaflega miðaði stefnandinn Berglind við að með því að endurreikna skuldabréfalánið í samræmi við framanrakta aðferðafræði yrði nýi óverðbætti höfuðstóllinn neikvæður um sem næmi 2.117 krónum á lokagreiðsludegi lánsins 4. maí 2016. Í kjölfar þess að lánið hefði verið uppgreitt með þessum hætti hafi stefndi verið krafinn um 61 greiðslu af láninu, samtals 1.702.435 krónur sem að viðbættum neikvæða höfuðstólum er samtals 1.705.975 krónur sem teljast þannig ofgreiddar. Undir rekstri málsins breytti stefnandinn dómkröfu sinni til samræmis við útreikninga stefnda eins og rakið er í efnisgrein nr. 2.
36. Með því að endurreikna skuldabréfalán stefnandans Tómasar í samræmi við framanrakta aðferðafræði verði nýi óverðbætti höfuðstóllinn neikvæður um sem nemi 10.216 krónum á lokagreiðsludegi lánsins 24. júní 2016. Í kjölfar þess að lánið hafi verið uppgreitt með þessum hætti var stefnandinn krafinn um 60 greiðslur af láninu, samtals 1.759.718 krónur sem að viðbættum neikvæða höfuðstólum er samtals 1.776.886 krónur sem teljast

þannig ofgreiddar. Undir rekstri málsins breytti stefnandinn dómkröfu sinni til samræmis við útreikninga stefnda eins og rakið er í efnisgrein nr. 3.

37. Stefnendur krefjast dráttarvaxta í samræmi við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, sbr. 11. gr. laganna. Á því er byggt af hálfu stefnenda að stefnda sem búi yfir umfangsmikilli sérfræðiþekkingu á lánaviðskiptum hefði mátt vera ljóst að stefnendur hefðu greitt fjármuni umfram skyldu og því átt að vera ljóst að honum væri rétt að endurgreiða oftekna fjármuni án tafar og geti því ekki borið fyrir sig að ekki hafi verið samið um gjalddaga kröfunnar. Stefnendur byggi á því að réttarstöðunni megi jafna við að samið hafi verið um gjalddaga, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu, auk þess sem vísað sé til að venja standi til þess að fjármálafyrirtæki hafi frumkvæði að endurútreikningi og endurgreiðslu ef skilmálar þess séu ólögmætir, sjá til dæmis dóm Hæstaréttar í máli nr. 868/2016. Eins hafi verið samið um að stefnda væri heimilt að krefja um dráttarvexti ef til vanskila hefði komið af hálfu stefnenda en ekki fái staðist að annað gildi um stefnda er hann hafi oftekið greiðslur. Vafa í þessum efnum beri að minnsta kosti að túlka stefnendum í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b laga um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
38. Í bréfi stefnenda til stefnda 18. júní 2021 gerðu stefnendur kröfu um að stefndi endurgreiddi þeim það sem stefndi hefði ranglega af þeim haft vegna ólögmætra vaxta og gerðu áskilnað um rétt sinn til dráttarvaxta. Stefnendur geti því í öllu falli ótvírætt krafist dráttarvaxta frá 18. júlí 2021.
39. Fjárkröfur stefnenda samanstanda af öllum ofgreiðslum þeirra af skuldabréfalánunum frá þeim tímapunkti er lánin með réttu ættu að hafa verið greidd að fullu sem hefði átt að vera í júní 2016.
40. Stefnendur byggi á því að viðbótarfrestur samkvæmt 10. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda eigi við. Stefnendur hafi ekki haft nauðsynlega vitneskju um kröfuna fyrir en þau hafi kynnt sér upplýsingar frá Neytendasamtökunum vorið 2021. Fram til þess tíma hafi þau borið eðlilegt traust til þess að stefndi sem sé sérfróður aðili stæði löglega að lánveitingum sínum. Vanþekking stefnenda um lagareglur þær sem gildi um framsetningu skilmála um breytilega vexti í neytendalánnum hafi verið eðlileg og afsakanleg. Tilgangur ákvæða laga um fyrningu sem lúta að viðbótarfresti sé einmitt sá að afstýra ósanngjörnum afleiðingum af mistökum af þessu tagi.
41. Þá sé á því byggt að túlka verði viðbótarfrest neytanda til þess að hafa uppi kröfu um endurgreiðslu ofgreiddra fjármuna með hliðsjón af tilskipun nr. 93/13/EBE. Í 1. mgr. 6.

gr. tilskipunarinnar sé mælt fyrir um að aðildarríki skuli tryggja að ósanngjarnir skilmálar í neytendasamningum séu óskuldbindandi og í 1. mgr. 7. gr. sé mælt fyrir um að tryggja verði að til staðar séu árangursríkar leiðir til að hindra áframhaldandi notkun óréttmætra skilmála. Evrópuþómsráðið hafi túlkað framangreind ákvæði svo að í þessu felist skylda til þess að tryggja að neytendur geti krafist seljanda/þjónustuveitanda um endurgreiðslu fjármuna sem ranglega hafi verið af þeim teknir. Ákvæði 10. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda beri að túlka með hliðsjón af tilskipuninni og markmiðum hennar.

42. Undir rekstri málsins breyttu stefnendur dómkröfum sínum til samræmis við útreikninga stefnda. Þannig byggja þau aðallega á því að 24. júní 2016 hafi stefnandinn Berglind verið búin að greiða skuld sína að fullu og raunar 1.089 krónum um of. Stefnandinn Tómas hafi þá einnig verið búinn að fullgreiða skuldina og ríflega það sem hafi numið 26.044 krónum. Allar greiðslur sem þau hafi innt af hendi frá þeim tíma hafi falið í sér ofgreiðslur sem þau krefjist endurgreiðslu á hvort fyrir sig ásamt áfallandi vöxtum eins og í dómkröfunni greinir. Ekki sé tölulegur ágreiningur með aðilum hvað snertir þessa útreikninga sem slíka. Varakröfur beggja stefnenda byggja á sömu forsendu um að skuldabréfin hafi verið uppgreidd í júní 2016 en að teknu tilliti til fyrningar endurheimtukrafna sem greiddar hafi verið meira en fjórum árum fyrir birtingu stefnu. Krafa stefnandans Berglindar miðast við endurheimt þeirra greiðslna sem hún hafi innt af hendi frá 7. desember 2017, en 18 eldri greiðslur, hafi verið fyrndar er birting stefnu fór fram auk þess sem krafist er dráttarvaxta frá 1. júní 2021. Í tilvikinu Tómasar miðast við endurheimt þeirra greiðslna sem hann hafi innt af hendi frá 8. nóvember 2017, en 17 eldri greiðslur hafi verið fyrndar er birting stefnu fór fram auk þess sem krafist er dráttarvaxta frá 1. júní 2021. Bæði hafa uppi þrautavarakröfur um að dómurinn dæmi stefnda til greiðslu fjárhæðar að álitum á grundvelli útreikninga sem stefndi lagði fram er lúta að mögulegum kröfum stefnenda miðað við mismunandi útreikningsforsendur. Í þeim útreikningum er komist að ferns konar niðurstöðu eftir því til hvaða vaxta er horft og hvort reyni á fyrningu eða ekki. Þannig eru nýttir vextir sem birtir eru af Seðlabanka Íslands í samræmi við 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá fyrsta gjalddaga hvors láns um sig og endurkrafa miðuð við að hefjast 2016 eða frá desember 2017 að telja og þá út frá þeirri forsendu að eldri vextir séu fyrndir. Í annan stað er reiknað út frá þeirri prósentu vaxta sem upphaflega var samið um og árituð á skuldabréfin. Miðað er síðan við tvenns konar afmörkun í tíma eins og í fyrra tilvikinu, annars vegar miðað við júní 2016 og hins vegar vexti desember 2017 með tilliti til fyrningar.

### *Helstu málsástæður stefnda*

43. Stefndi mótmælir málsástæðum og málatilbúnaði stefnenda og krefst sýknu af öllum dómkröfum þeirra. Skuldabréf stefnenda hafi verið gefin út til Landsbanka Íslands hf. á árinu 2006 og framseld stefnda í október 2008. Í samræmi við grundvallarreglur fjármunaréttar um mótbárumissi skuldara, þegar viðskiptabréf eru annars vegar, sé ljóst að stefnendur geti að réttu lagi ekki byggt á mótbárum þeim sem um ræði gagnvart stefnda, enda eigi þær það sammerkt að teljast til veikra mótbára. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við umrædda skilmála af hálfu stefnenda fyrr en á árinu 2021 og stefnda hafi ekki verið kunnugt um slíkar mótbáru fyrir. Þegar af þessum ástæðum beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnenda. Verði ekki á það fallist sé byggt á því að skilmálar umræddra skuldabréfa hafi verið í samræmi við þau lagaákvæði sem vísað sé til í stefnu og uppfylli þær kröfur sem af þeim megi réttilega leiða. Í skuldabréfunum og öðrum upplýsingum til stefnenda hafi komið fram þær upplýsingar sem áskildar hafi verið þannig að stefnendum hafi verið fært að bera saman mismunandi lánategundir og taka upplýsta ákvörðun um að gangast undir þær skuldbindingar sem um ræddi. Skilmálar skuldabréfanna um breytilega vexti geti því ekki talist óskýrir, ólögmatir, ósanngjarnir eða andstæðir góðri viðskiptavenju, þannig að ógildingur varði.
44. Verði á hinn bóginn fallist á með stefnendum að um ólögmat og ógilda skilmála sé að ræða byggji stefndi á því að réttaráhrifin séu önnur en haldið sé fram í stefnu, meðal annars hvað varði beitingu vaxta samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu, auk þess sem stefndi geri athugasemdir við útreikning dómkragna stefnenda.
45. Málatilbúnaði stefnenda er lýtur að upplýsingaskyldu samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán sé mótmælt. Af hálfu stefnda sé á því byggt að í umræddum skuldabréfum og þeim upplýsingum sem stefnendum hafi verið veittar áður en lántakan var afráðin hafi þau fengið þær upplýsingar um hina breytilegu vexti sem leiða megi af lögum um neytendalán að teknu tilliti til eðlis máls. Þannig hafi komið fram hverjir vextirnir hafi verið á þeim tíma sem upplýsingarnar voru gefnar, að vextirnir væru breytilegir, þar með talið að þeir gætu hækkað eða lækkað á lánstímanum og að breytingarnar yrðu í samræmi við almennar vaxtaákvæðanir Landsbanka Íslands hf. á hverjum tíma. Jafnframt hafi verið kveðið á um að heimilt væri að færa lánin á milli vaxtaflokka. Í því sambandi hafi verið vísað til breytinga á fjárhagsstöðu og endurgreiðslumöguleikum útgefenda, breytinga á kjörvaxtakerfi bankans eða ef aðrar

aðstæður gæfu tilefni til. Í skuldabréfunum hafi þannig komið fram að þau bæru breytilega vexti, það er kjörvexti, auk vaxtaálags samkvæmt flokki K3. Vísað hafi verið til vaxtatöflu Landsbanka Íslands hf., sem hafi verið kynnt stefnendum, hún birt á vefsíðu bankans og uppfærð við hverja vaxtaákvörðun. Í þeirri vaxtatöflu sem hafi verið í gildi við útgáfu umræddra skuldabréfa megi sjá að frá 21. maí 2006 hafi kjörvextir verðtryggðra skuldabréfalána verið 5,25% og vaxtaálagið 2%, samtals 7,25%. Í 2. tölulið skuldabréfanna komi síðan fram hvenær hafi verið heimilt að hækka eða lækka vexti, það er *hvenær sem er á lánstímanum*, en með tilliti til endurgreiðsluskilmála skuldabréfanna sé ljóst að breytingar á vöxtum hafi örast getað átt sér stað mánaðarlega. Í 3. tölulið skuldabréfanna hafi síðan komið fram hvernig lántakendum yrði tilkynnt um breytingar á vöxtum og hvaða úrræði þeir hefðu vildu þeir ekki una breytingunni.

46. Að mati stefnda gefi orðalag tilvitnaðra ákvæða laga um neytendalán, lögskýringargögn eða lögskýringarsjónarmið, þar með talið eðli máls, ekki tilefni til að ætla að aðrar eða ítarlegri upplýsingar hafi verið nauðsynlegar en leiða af efni umræddra skuldabréfa. Verði meðal annars ekki ráðið að útskýra hafi átt hvaða viðmið séu höfð til hliðsjonar og hvernig þeim sé beitt til þess að ákvarða eða reikna út vexti, eins og fram komi af hálfu stefnenda. Að minnsta kosti verði ekki talið að slíkur skortur hafi verið á upplýsingagjöf í skuldabréfunum eða að öðru leyti þannig að geti leitt til ógildingar, svo sem krafist sé. Í þessu sambandi sé áréttað að þess sé ekki getið af hálfu stefnenda hvað það sé nánar sem á skorti í umræddum skilmálum. Aðeins sé fullyrt í stefnu að í skilmálunum sé ekkert fjallað um *ástæður*, *viðmið* eða *aðstæður*, án þess að nánar sé útskýrt hvað hafi þurft að koma nánar fram í því sambandi að mati stefnenda. Í þessu sambandi sé áréttað að hinir umþrættu skilmálar séu ekki sambærilegir þeim sem deilt hafi verið um í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016. Loks beri að líta til þess að eftirlitsaðilar, Neytendastofa og Fjármálaeftirlitið, hafi ekki séð ástæðu til að gera athugasemdir við þessa skilmála um breytilega vexti sem um ræði hér.

47. Stefndi telji að vaxtaákvæðanir á lánstíma umræddra skuldabréfa hafi verið í samræmi við það sem lög bjóða varðandi breytingar á vöxtum. Samantekt um vaxtabreytingar á lánstíma umþrættra skuldabréfa sem liggja fyrir í málinu sýni hvað hafi búið að baki ákvörðunum um vaxtabreytingar sem hafi verið í samræmi við skilmála skuldabréfanna. Þar með og jafnframt teljist vaxtaákvæðanir hafa verið vel ígrundaðar, rökstuddar, mál-efnalegar, forsvaranlegar og í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur, en ekki handa-hófskenndar, ómálefnalegar eða teknar af geðþótta eða án gildrar ástæðu eins og virðist

lagt til grundvallar í stefnu. En þar verði ekki séð að byggt sé á því af hálfu stefnenda að einstaka vaxtaákvæðanir á lánstíma hafi ekki verið í samræmi við skilmála umræddra skuldabréfa, hvort sem verið hafi í tíð Landsbanka Íslands hf. eða stefnda.

48. Horfa beri fyrst og fremst til laga um neytendalán við mat á því hvort skilmálar umræddra skuldabréfa teljist ólögmatir og ógildir. Teljist þeir vera í samræmi við lögin sé ekki unnt að telja þá allt að einu ólögmeta, ógilda eða ógildanlega, samkvæmt 36. gr., sbr. 36. gr. c, laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga eða á öðrum grundvelli ef því er að skipta. Í þessu sambandi vísist til hliðsjónar til dóma Hæstaréttar í málum nr. 160/2015 og nr. 243/2015.
49. Stefndi byggi jafnframt á því að skilmálar skuldabréfanna um breytilega vexti, að teknu tilliti til annarra upplýsinga til stefnenda, uppfylli kröfur 36. gr., sbr. 36. gr. c, laga nr. 7/1936. Verði þannig að leggja til grundvallar að skilmálarnir teljist ekki ósanngjarnir eða andstæðir góðri viðskiptavenju, hvort sem litið sé til efnis skuldabréfanna, stöðu samningsaðilanna, atvika við samningsgerðina eða atvika sem síðar hafi komið til, sbr. 36. gr., eins og því ákvæði beri að beita samkvæmt 36. gr. c. Að því er sérstaklega varði 36. gr. c, sbr. jafnframt 36. gr. b, verði að mati stefnda að líta svo á að ekki sé ástæða til að líta svo á að skilmálar skuldabréfanna stríði gegn góðum viðskiptaháttum eða raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, stefnendum í óhag. Í þessu tilliti beri og að horfa til þess að vaxtabreytingar stefnda á grundvelli umræddra skilmála geti ekki talist ósanngjarnar í skilningi 36. gr., sbr. 36. gr. c, og ekki sé á því byggt af hálfu stefnenda. Því sé ekki tilefni til ógildingar. Framhjá því verði ekki horft að stefnendur hljóti að teljast á almennan mælikvarða athugulir og varkárir neytendur, en öðru hafi ekki verið borið við af þeirra hálfu. Ekkert liggi fyrir um að stefnendur hafi ekki áttað sig á þýðingu þeirra upplýsinga sem fram hafi komið í skilmálum umræddra skuldabréfa, eða upplýsingagjöf stefnda að öðru leyti, og mögulegum áhrifum þeirra á fjárhagslega hagsmuni stefnenda. Því sé til að mynda ekki haldið fram í stefnu að stefnendur hefðu ekki gefið út umrædd skuldabréf ef þau hefðu fengið aðrar eða ítarlegri upplýsingar um hina breytilegu vexti. Í þessu sambandi verði einnig að horfa til þess að lán með breytilegum vöxtum hafi tíðkast hér á landi um langa tíð. Af þeim sökum verði að miða við að athugulir og varkárir neytendur hafi góða þekkingu á því hvað felist í slíkum lánnum og breytilegum vöxtum og hvað hafi almennt áhrif á vaxtabreytingar. Af þessu leiði að stefnendur teljist hafa verið í góðri stöðu til að meta skilmála skuldabréfanna og möguleg áhrif þeirra sem þau krefjast nú ógildingar á. Þá verði að horfa til þess við mat

í samræmi við 36. gr. og 36. gr. c að vextir lánanna tóku bæði breytingum til hækkunar og lækkunar á lánstímanum, auk þess sem engin skylda kvað á um breytingu á vöxtunum heldur hafi formlega verið um heimildarákvæði að ræða. Því leiði engin sanngirnirök til ógildingar skilmálanna samkvæmt því lagaákvæði.

50. Að því er varði tilvísanir stefnenda til viðauka (gráa lista) tilskipunar nr. 93/13/EBE, sem hafi mjög takmarkaða þýðingu og sé ekki lögfestur hér á landi, skuli bent á að j-liður 1. gr. viðaukans komi ekki í veg fyrir að lánveitandi áskilji sér rétt til að breyta einhliða án viðvörunar vöxtum sem neytandi skuli greiða eða öðrum upphæðum sem honum beri að greiða fyrir fjármálaþjónustu ef fyrir því er gild ástæða. Í þessu sambandi verði að ætla að málefnalegar og forsvaranlegar ákvarðanir um breytingar á vöxtum á grundvelli skilmála þar um teljist til gildra ástæðna í þessum skilningi. Að öðru leyti sé mótmælt mála-tilbúnaði og skýringum stefnenda en það sé rangt og ósannað að stefnendur hafi ekki haft raunverulega kosti á að kynna sér skilmála umræddra skuldabréfa.
51. Því sé síðan mótmælt að þeir dómur Evrópudómstólsins sem stefnendur vísi til um gagnsæiskröfur þær sem leiði af ákvæðum tilskipunarinnar hafi þá þýðingu fyrir úrlausnarefni málsins sem stefnendur haldi fram. Dómarnir verði ekki skildir svo að í skuldabréfi þurfi að útskýra nákvæmlega allt það sem mögulega kunni að skipta máli fyrir samilega athugulan og varkáran neytanda. Þess í stað þurfi að meta hvort neytandi hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um hvaða atriði skipti mestu máli og ráði för með tilliti til allra atvika og aðstæðna þannig að hann geti tekið upplýsta ákvörðun um að gangast undir þá skuldbindingu sem um ræði. Málsatvik þessa máls, þar á meðal athugasemdaleysi stefnenda á hinum 15 ára lánstíma skuldabréfanna, gefi ekki tilefni til að ætla að stefnendur hafi ekki fengið nauðsynlegar upplýsingar í þessum skilningi. Á lánstímanum hafi vöxtunum verið breytt nokkrum sinnum án þess að stefnendur hreyfðu athugasemdum við því eða skilmálum skuldabréfanna en horfa verði til þessa tómlætis við sanngirnismat málsins.
52. Þá sé því sérstaklega mótmælt að í því felist að engum gildum ákvæðum sé til að dreifa í skuldabréfunum um breytilega vexti ef fallist verði á málatilbúnað stefnenda um ógildi samningsskilmála skuldabréfanna. Því sé mótmælt sem og svonefndum skýrslum um meinta oftekna vexti sem stefnendur styðji kröfur sínar við. Þetta ógildi myndi ekki leiða til þess að ákvæði skuldabréfanna um upphaflega umsamda eða ákvarðaða vexti og vaxtaálag, samtals 7,25% ársvexti, teldist jafnframt ógilt. Slíkt leiði heldur ekki af 18. gr., sbr. 4. gr., laga um vexti og verðtryggingu, almennum reglum fjármunaréttar eða

öðrum réttarheimildum. Stefnendur hafi heldur ekki byggt á því að hinir upphaflegu vextir sem slíkir séu eða hafi verið ósanngjarnir, ólögmatir eða ógildir, heldur eingöngu skilmálar skuldabréfsins um breytingar á vöxtum og vaxtaálagi. Skilmálar umræddra skuldabréfa um upphaflega, og um leið umsamda/ákvarðaða, vexti og álag hafi efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá hinum meintu ógildu skilmálum um breytingar á vöxtum. Í þessu tilliti sé þess einnig sérstaklega að gæta að samkvæmt skilmálum skuldabréfsins, sem stefnendur eru útgefendur að, hafi engin skylda hvílt á stefnda til að breyta (hækka eða lækka) upphaflega umsömdum/ákvörðuðum vöxtum, heldur sé þvert á móti um heimildarákvæði að ræða. Þá sé ekki heldur um það að ræða að engir vextir hafi verið tilgreindir, sem almennt sé skilyrði þess að vextir samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu komi til álita, sbr. og 14. gr. laga um neytendalán. Af því leiði að ef fallist sé á að 2. töluliður umræddra skuldabréfa feli í sér ólögmatá og ógilda skilmála um breytingar á vöxtum hafi skuldabréfin með réttu átt að bera hina upphaflegu vexti, samtals 7,25%. Atvik og aðstæður eru þannig með gerólíkum hætti í máli þessu andspænis þeim sem voru til umfjöllunar í dómi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 sem stefnendur vísa til um beitingu 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

53. Þá er einnig á því byggt að endurgreiðslukröfur vegna meintra ofgreiðslna séu fyrndar en fyrningarfrest beri að reikna frá þeim degi er hver greiðsla um sig hafi átt sér stað en almennur fyrningarfrestur sé fjögur ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. og 3. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda, sem eigi við um þær kröfur sem stofnast hafi eftir gildistöku laganna 1. janúar 2008. Stefnendum sé ekki tækt með einhliða yfirlýsingu um skuldajöfnuð miðað útreikning við að ofgreiddir vextir séu dregnir frá höfuðstól skuldabréfanna þegar hver greiðsla hafi verið innt af hendi. Þótt réttaráhrif skuldajöfnuðar geti samkvæmt almenn- um reglum kröfuréttar talist afturvirk þegar um samrættar kröfur er að ræða gildi það eðli máls samkvæmt ekki þegar kröfuréttarsambandið er liðið undir lok eins og hér háttar til. Að öðrum kosti myndu engar fyrningarreglur gilda um endurheimtukröfur sem ekki hafi verið talin raunin. Þá sé ekki unnt að fallast á með stefnendum að 10. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda um viðbótarfrest eigi hér við rétt lögskýrð þannig að unnt væri að leggja til grundvallar að stefnendur hefði skort nauðsynlega þekkingu um kröfuna eða skuldarann. Í þessu sambandi verði meðal annars að horfa til þess að lánstími umræddra skuldabréfa var 15 ár og meintar ofgreiðslur vaxta áttu sér stað reglulega yfir það tímabil.

54. Jafnvel þótt horfa ætti til þess að miða bæri við vexti samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu er kröfugerð stefnenda og útreikningi hennar mótmælt. Stefndi byggja á

Því að endurgreiðslukröfur stefnenda vegna meintra ofgreiðslna miðað við útreikning samkvæmt 5. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu teljist fyrndar að því marki sem til slíkra ofgreiðslna hafi komið meira en fjórum árum áður en mál þetta var höfðað, 8. desember 2021, það er fyrir 8. desember 2017. Ákvæði 5. mgr. 18. gr. ryðji ekki almennum fyrningarreglum úr vegi enda ekki kveðið á um slíkt í lögnum. Niðurstaða útreiknings á þessari forsendu leiði til þess að endurkrafa stefnandans Berglindar myndi nema 60.243 krónum og stefnandans Tómasar 63.384 krónum. Í þessum efnunum er einnig áréttað að útreikningar stefnenda séu jafnframt órökréttir þar sem við þá útreikninga sé miðað við að meintum ofgreiðslum sé ráðstafað inn á gjalddaga lánanna en fyrir liggja samkvæmt almennum reglum kröfuréttar að ráðstafa eigi meintum ofgreiðslum inn á kröfuna á greiðsludegi ef hann er annar en gjalddagi.

55. Dráttarvaxtakröfu stefnenda er mótmælt sérstaklega þar sem beita eigi grundvallarreglu 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu um að ef ekki hafi verið samið um gjalddaga kröfu sé heimilt að reikna dráttarvexti frá þeim degi þegar mánuður er liðinn frá því að kröfuhafi sannanlega krafði skuldara um greiðslu. Í því ljósi standi ekki rök til að krefja um dráttarvexti fyrr en mánuði eftir þingfestingu.

#### *Niðurstaða*

56. Í máli þessu krefjast stefnendur þess aðallega að skilmálar skuldabréfa þeirra er lúta að heimildum stefnda til að breyta vöxtum skuldabréfanna verði ógiltur og þeim endurgreiddur mismunur á fjárhæð greiddra vaxta og útreiknaðri fjárhæð miðað við að skuldabréfin sem stefnendur gáfu út hefðu borið lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveður á grundvelli 2. málslíðar 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Byggt er á að ef þessum útreikningi hefði verið beitt hefðu skuldabréf beggja stefnenda verið uppgreidd 24. júní 2016 í stað þess að vera uppgreidd í júní 2021. Undir rekstri málsins breyttu stefnendur kröfum sínum í þessum efnunum til samræmis við útreikninga stefnda, bæði hvað aðalkröfu snertir en einnig bættu stefnendur við vara- og þrautavarakröfum er gengu skemmra hvað fjárkröfur þeirra áhrærði. Ekki er tölulegur ágreiningur með aðilum hvað snertir útreikninga dómkrafanna sem slíkra.
57. Stefndi hefur krafist sýknu, annars vegar á grunni málsástæðu um aðildarskort og hins vegar á þeim grundvelli að málalíbúnaður stefnenda eigi ekki við rök að styðjast.

58. Sé fyrst vikið að kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts styðst sú krafa við reglur kröfuréttar um mótbárumissi vegna framsals skuldabréfa stefnenda. Stefndi hafi verið grandlaus viðtakandi skuldabréfanna fyrir framsal þegar Fjármálaeftirlitið tók ákvörðun um að skuldabréfin yrðu framseld stefnda 9. október 2008 ásamt öllum öðrum eignum Landsbanka Íslands hf. hverju nafni sem þær nefndust.
59. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins er ekki meðal dómskjala málsins en efni hennar í þessu tilliti hefur áður komið til kasta dómstóla, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 348/2013 frá 21. nóvember 2013. Tilefni þess máls var málatilbúnaður stefnda um mótbárumissi lántaka sem byggði á því að hafa ofgreitt forvera stefnda er hann greiddi upp lán bundið ólögmati gengistryggingu. Sá dómur hefur fullt sönnunargildi um þau málsatvik sem í honum greinir, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.
60. Fram kemur í dóminum að samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hafi öllum eignum Landsbanka Íslands hf. verið ráðstafað til stefnda, sem ekki væru sérstaklega undanskildar, sem og tryggingaréttindi sem tengdust kröfum bankans. Þá hafi verið kveðið á um að stefndi tæki frá og með 9. október 2008 við starfsemi Landsbanka Íslands hf. er tengdist hinum framseldu eignum. Í ákvörðuninni hafi jafnframt verið tekið fram að tilgreindar skuldir Landsbanka Íslands hf. skyldu yfirteknar af stefnda. Í dómi Hæstaréttar hafi þess verið getið að í ákvörðuninni væri ekki unnt að finna því stoð að endurkröfur á hendur Landsbanka Íslands hf. vegna ofgreiðslu lána ættu að flytjast til stefnda. Ekkert lægi fyrir um framsal slíkra krafna til stefnda og endurkrafa vegna ofgreiðslu skuldabréfalánsins sem þar um ræddi gæti því ekki beinst gegn stefnda en það lán hafði verið greitt upp með nýju yfirdráttarláni í tíð forvera stefnda. Á hinn bóginn var komist að þeirri niðurstöðu að vegna 1. mgr. 17. gr. laga um neytendalán sem giltu um lögskiptin, eins og í því máli sem hér er til úrlausnar, gæti gagnaðili stefnda sem neytandi haldið uppi sömu mótbárum við hann og upphaflegan eiganda yfirdráttarlánsins sem var ógreitt er ákvörðun Fjármálaeftirlitsins var tekin. Var talið að engin rök stæðu til þess að láta aðra reglu en þá sem fram komi í 17. gr. gilda um áhrif tilfærslu kröfuréttinda til stefnda þrátt fyrir að sú ráðstöfun hefði verið gerð með stjórnvaldsákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008. Því öðlaðist gagnaðili stefnda í tilvitnuðu dómsmáli endurkröfu á hendur honum í samræmi við meginreglu kröfuréttar. Áréttað var sérstaklega í dómi Hæstaréttar að ráðstöfun lánsins til stefnda væri reist á 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sem þá var í gildi, og að samkvæmt almennum reglum um aðilaskipti að kröfuréttindum hefði stefndi ekki öðlast rýmri rétt á hendur

lántaka þess máls með þeirri ráðstöfun en forveri hans hefði notið og lántakinn þannig haldið öllum mótbárum gegn kröfunni.

61. Sérstaklega skal áréttað í þessu samhengi í því máli sem hér er til úrlausnar að ekkert er upplýst um að stefndi hafi fullnægt skilyrði 18. gr. laga um neytendalán til þess að honum sé tækt að beita fyrir sig mótbárumissi samkvæmt reglum um viðskiptabréf en áskilið er samkvæmt lagaákvæðinu að setja þurfi sérstaka tryggingu til að kröfuhafa sé það tækt. Verður stefnda því ekki vörn í þeim reglum þegar af þeirri ástæðu.
62. Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu og í ljósi þess að í máli þessu er tekist á um gildi ákvæða skuldabréfa sem stafa frá forvera stefnda sem stefndi hefur yfirtekið, eins og í tilvitnuðum dómi, verður ekki séð að rök standi til að fallast á málatilbúnað stefnda um sýknu vegna aðildarskorts og verður honum því hafnað.
63. Hvað efnislegan ágreining aðila snertir byggja stefnendur á að efni 2. töluliðar skilmála stefnda í skuldabréfum stefnenda fari í bága við ákvæði 9. gr. laga um neytendalán sem voru í gildi er lán stefnenda voru tekin í júní 2006. Í því lagaákvæði sé kveðið á um heimild til að hafa vexti lána að nokkru eða öllu leyti breytilega en þá að því tilskildu að greina yrði frá vöxtum eins og þeir væru á þeim tíma sem upplýsingarnar væru gefnar og tilgreint með hvaða hætti þeir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust.
64. Í skuldabréfum þeim sem stefnendur gáfu út er því fullnægt að vextirnir voru tilgreindir eins og þeir voru er skuldabréfin voru gefin út. Samtals námu þeir 7,25% og samanstóðu af kjörvöxtum veðtryggðra lána í þriðja flokki, 5,25%, auk 2% vaxtaálags. Aðspurt við málflutning var því samsinnt af hálfu stefnenda að vaxtaálagið hafi verið svo hátt sem raun ber vitni þar sem engri veðtryggingu hafi verið til að dreifa heldur einvörðungu sjálfskuldarábyrgð stefnenda gagnvart láni hvors þeirra um sig.
65. Á hvern hátt tilgreint var hvernig vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust sagði á hinn bóginn einungis í skuldabréfunum að Landsbanka Íslands hf. væri heimilt hvenær sem væri á lánstímanum að hækka eða lækka framangreinda vexti, þar með talið vaxtaálag, í samræmi við vaxtaákvæðanir bankans á hverjum tíma og/eða færa lánið á milli vaxtaflokka, svo sem ef breytingar yrðu á fjárhagsstöðu og endurgreiðslumöguleikum útgefanda, ef breytingar yrðu á kjörvaxtakerfi bankans eða aðrar aðstæður gæfu tilefni til.
66. Til viðbótar þessum upplýsingum í skuldabréfunum um heimildir til breytinga vaxtanna gerði stefndi nánari grein fyrir því hvernig þessar heimildir hafa verið nýttar til vaxtabreytinga í samantekt sem dagsett er 24. febrúar 2022 eftir að mál þetta var höfðað.

Þar er rakið að gætt hafi verið samræmis við breytingar á vöxtum lánanna við breytingar á vöxtum verðtryggðra lána hjá stefnda á hverjum tíma, auk þess sem taldar voru upp aðstæður sem leitt gætu til breytinga vaxta, meðal annars fjármagnskostnaður bankans, vextir Seðlabanka Íslands, verðbólguþróun og vegna afleiddra raunstýrivaxta Seðlabankans.

67. Samkvæmt efni skuldabréfanna sjálfra gátu vextirnir þannig breyst til hækkunar eða lækkunar, annað hvort í samræmi við ákvarðanir bankans eða vegna flutnings lánsins milli lánaflokka. Tilgreint var síðan að þær aðstæður sem leitt gætu til þessara breytinga gætu falist í aðstæðum sem lytu að stefnendum, fjárhagsstöðu þeirra og endurgreiðslumöguleikum, eða ef kjörvaxtakerfi bankans yrði breytt og loks ef aðrar aðstæður gæfu tilefni til en ekki var tilgreint hverjar þær aðstæður væru.
68. Á lánstímanum þróuðust vextir lánanna þannig að frá upphaflega umsömdum vöxtum samkvæmt skuldabréfunum, 7,25%, hækkaði forveri stefnda vextina töluvert fyrstu árin þannig að þegar skuldabréfin voru framseld til stefnda í október 2008 námu vextir þeirra 10,8%. Þeir héldust þannig fram í mars 2009 en tóku þá að lækka í áföngum og voru orðnir lægri en upphaflegu vextirnir í mars 2012 er þeir voru lækkaðir í 7,17%. Eftir það voru vextir skuldabréfanna lægri en hinir upphaflegu vextir og lækkuðu síðan verulega frá og með árinu 2019 þar til bréfin töldust uppgreidd í júní 2021 en þá námu vextirnir 5,6%.
69. Engar skriflegar tilkynningar liggja fyrir í málinu frá stefnda eða forvera hans um þessar vaxtabreytingar. Því er ekkert upplýst um að ástæður einstakra hækkana hafi verið tilgreindar í samræmi við samningsskyldu stefnda samkvæmt 3. tölulið skilmála skuldabréfanna. Í því ljósi verður að leggja til grundvallar að stefndi og forveri hans hafi ekki gert stefnendum sérstaklega grein fyrir forsendum þessara breytinga með ítarlegri hætti en leiddi af efni skuldabréfanna. Í því sambandi er þess að geta að í lánsumsóknnum stefnenda fylgdi greiðsluáætlun allt til þess tíma er lánin yrðu uppgreidd sem tók mið af upphaflegum vöxtum, 7,25%. Áréttað var í greiðsluáætlunum að vextirnir gætu tekið breytingum og var vísað til ákvæða skuldabréfanna án frekari umfjöllunar.
70. Með hliðsjón af framanrituðu og þar sem það var fyrst eftir höfðun þessa dómsmáls sem stefndi færði frekari rök fyrir vaxtahækkunum sínum er ekki til annars að líta en framsetningar í skuldabréfunum sjálfum við mat á því hvort upplýsingagjöf stefnda hafi samrýmst 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga um neytendalán.

71. Þegar títtnefndir skilmálar skuldabréfa stefnda eru gaumgæfðir verður ekki hjá því komist að álykta að þeir veiti lántakendum í raun afar takmarkaðar upplýsingar um hvað leitt geti til breytinga á vöxtunum. Þótt að mati dómsins verði ekki gengið jafn langt í þeim efnum og stefnendur byggja á, að þeim ætti að vera kleift að staðreyna forsendur hækkunar út í hörgul, sýnist blasa við að upplýsingagjöf þurfi að vera ríkulegri og markvissari en leiðir af skilmála skuldabréfanna. Sú upptalning sem getur að líta í 2. tölulið þeirra verður ekki talin fullnægjandi þannig að ráða megi af skilmálanum með hvaða hætti vextirnir væru breytilegir. Alveg sérstaklega verður ekki ályktað af skilmálanum við hvaða aðstæður þeir geti breyst.
72. Skilmálinn er skýr um breytingar í samræmi við almennar vaxtaákvæðanir Landsbanka Íslands hf. á hverjum tíma og vegna aðstæðna stefnenda með tilliti til greiðslugetu og fjárhagsstöðu. Tilvísun sem felst í orðunum *aðrar ástæður gefa tilefni til* er á hinn bóginn mjög óafmörkuð og opin. Til þessarar heimildar hefur stefndi vísað sérstaklega í þeim tilgangi að skjóta stoðum undir ákvarðanir sínar um breytingar á vöxtum skuldabréfanna. Raunin er á hinn bóginn sú tilvitnuð orð veita enga leiðbeiningu um tilefni eða ástæður þess að stefndi breytti vöxtunum. Þannig liggur í raun fyrir að stefnda hefði verið tækt að breyta vöxtum skuldabréfanna af hvaða ástæðu sem er algerlega að eigin geðþótta í krafti þessarar óafmörkuðu heimildar. Þótt vissulega megi vænta þess að samkeppni á lánamarkaði veiti stefnda aðhald almennt er í raun ekkert aðhald fólgið í skilmálanum sem slíkum. Nauðsynlegum fyrirsjáanleika er ekki til að dreifa með þessum framsetningarmáta.
73. Af framangreindu leiðir og í ljósi þess að 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán er sérstaklega ætlað að standa vörð um réttindi neytenda í lánsviðskiptum, eins og þeim réttindum er til dæmis lýst í aðfaraorðum í frumvarpi til laga nr. 30/1993 um neytendalán, en þau lög voru endurútgefin sem lög nr. 121/1994, óbreytt að þessu leyti, verður því slegið föstu að skilmáli skuldabréfanna sé ósamrýmanlegur tilvitnuðum lagaákvæðum, sbr. einnig til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 frá 12. október 2017.
74. Í málflutningi var reifað af hálfu stefnda, hvað orðalag skilmálans snerti með hliðsjón af 9. gr. laga um neytendalán, að mál stefnenda væri í rauninni einungis hálf mál. Jafnvel þótt fallist yrði á að skilmáli skuldabréfanna væri ófullnægjandi með tilliti til 9. gr. leiddi það ekki til neins. Þýðing þeirrar niðurstöðu fyrir stefnendur væri í raun engin þar sem þau hefðu ekki fært neinar sönnur eða líkindi að því að skilmálinn væri ósanngjarn eða

hefði leitt til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir þau sem myndi leiða til endurgreiðslu eða bótagreiðslna. Stefndi byggði jafnframt á því að sýna þyrfti fram á að kjör þau sem stefnendur hefðu sætt væru allt önnur og slakari en annarra á markaði. Andstætt var byggt á því af hálfu stefnenda að þeirra hlutur hefði orðið lakari vegna ágalla á skilmála skuldabréfanna og hann bæri að ógilda þar sem það væri ósanngjarn í skilningi 36. greinar laga um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að byggja á skilmálanum sem slíkum vegna þessa ágalla og því bæri að endurgreiða þeim ofgreidda vexti. Það að hafa skilmálann orðaðan með ólögætum hætti fæli í sér ósanngirni í skilningi 36. gr. laga um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga Ósanngirnin í skilningi síðastnefnds lagaákvæðis fælist í hinum ólögætum skilmála.

75. Kjarni ágreinings aðila að fenginni þeirri niðurstöðu að orðalag skilmála skuldabréfa stefnenda sé í ósamræmi við 9. gr. laga um neytendalán, sbr. 36. gr. a-d í lögum um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, lýtur þannig að mati á því til hvers sú niðurstaða leiði, hvort ógilda eigi skilmálann og hvaða afleiðingu það hafi ef komist sé að þeirri niðurstöðu.
76. Því hefur ítrekað verið slegið föstu að sanningsákvæði verði ekki dæmd ógild eða þau ógilt nema slíkri afleiðingu verði fundin stoð í almennum reglum samningaréttar, einkum III. kafla laga um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar í málum nr. 213/2012 frá 29. nóvember 2012 og nr. 190/2017 frá 18. október 2018. Í því máli sem hér er til úrlausnar reynir í þessu sambandi einkum á ákvæði 36. gr. og 36. gr. c í lögum sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.
77. Við mat á því hvort það geti talist ósanngjarn af stefnda í skilningi þessara lagaákvæða að bera fyrir sig hinn umþrætta skilmála í skuldabréfum stefnenda er til þess að líta að ekkert liggur fyrir í málinu um að stefnendur hafi borið skarðari hlut frá borði en aðrir lántakendur stefnda eða lántakendur hjá öðrum fjármálafyrirtækjum ef því er að skipta. Þau hafi þannig til dæmis þurft að sæta óhagstæðari vaxtakjörum en aðrir. Í raun og veru byggir málalátunum stefnenda að mati dómsins á því að formbrot hafi átt sér stað sem ekkert liggir fyrir um að hafi leitt til skerðingar á þeirra hagsmunum umfram annarra.
78. Á hinn bóginn verður því slegið föstu að það sé stefnda að færa sönnur á að það hefði ekki haft áhrif á töku ákvörðunar stefnenda um að stofna til þeirrar fjárskuldbindingar sem í skuldabréfunum fólust ef skilmálar skuldabréfanna sem stefndi samdi einhliða hefðu verið fullnægjandi í framangreindum skilningi, sbr. til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Hæstaréttar í máli nr. 190/2017. Á þetta sérstaklega við í ljósi þeirrar neytendaverndar

sem lögfestingu 36. gr. a–d var ætlað að tryggja en með lögfestingunni var tilskipun ráðsins nr. 93/13/EBE, innleidd í íslensk lög, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Efnisákvæði þeirrar tilskipunar hafa ítrekað hefur komið til kasta Evrópudómstólsins að túlka í þessu tilliti, sbr. til dæmis efnisgreinar nr. 70–72 í máli nr. C-26/13 frá 30. apríl 2014 þar sem því er slegið föstu að skilmálar verði að vera gegnsærir, ekki nægi að orðin sem slík séu skiljanleg heldur verði að vera unnt að átta sig á inntaki samningsskilmála. Af þessum ástæðum er því óhjákvæmilegt að láta vanrækslu stefnda að láta koma fram í skilmálanum til hvaða aðstæðna sé vísað með orðunum *aðrar ástæður gefa tilefni til*, valda því að ekki verður byggt á skilmála skuldabréfanna um heimildir stefnda til að breyta vöxtum þeirra heldur verði þeim vikið til hliðar hvað þá heimild snerti. Ósannngjarnt sé með vísan til 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga að þau hafi verið bundin við skilmála þennan um breytingu vaxta vegna skuldabréfa þeirra.

79. Stefnendur byggja á því að niðurstaða um að skilmáli um heimild stefnda til að breyta vöxtum skuldabréfanna sé ógildur eigi að leiða til þess í krafti 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu að vextir verði reiknaðir á grundvelli 4. gr. sömu laga. Síðarnefnd lagagrein felur meðal annars í sér að ef hundradshluti vaxta sé ekki tiltekinn skuli vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveði með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum. Af hálfu stefnenda er skírskotað til dóma í svonefndum gengistryggingarmálum þessum málatilbúnaði til stuðnings: vextirnir sem tilgreindir séu í skuldabréfunum séu svo órjúfanlega tengdir ákvæðum skuldabréfanna um að þeim megi breyta að ekki sé unnt að byggja á vöxtunum á neinn hátt þegar heimildinni til að breyta þeim hefur verið vikið til hliðar.
80. Ekki verður fallist á þennan málatilbúnað. Við þessar aðstæður sýnist einboðið að lánessamningum stefnenda verði breytt á grundvelli 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda gerninga þannig að miðað verði við að lán þeirra hvors um sig hefðu borið 7,25% vexti allan lánstímann. Stefnendur sömdu sérstaklega um þau vaxtakjör með úgáfu skuldabréfanna. Þau fengu jafnframt í hendur greiðsluáætlanir áður en þau tóku lánin sem byggðust á þeirri forsendu að nefndir vextir yrðu á lánunum allan tímann. Við þeim blasti þannig út í hörgul við hverju mátti búast um greiðslubyrði lánanna yrðu vextirnir óbreyttir. Að auki verður að áréttu að þótt stefndi hefði haft heimild til að breyta vöxtunum á lánstímanum fól það ekki í sér að honum væri það skylt. Eins liggur ekkert fyrir um að forveri stefnda hafi gefið stefnendum það til kynna að ef til slíkra

vaxtabreytinga kæmi yrðu þær stefnendum hagfelldar og felast í lækkun vaxta. Var það enda raunin miðað við samhljóð í málatilbúnaði beggja aðila að vextirnir voru að meðaltali hærri en 7,25% á lánstímanum. Verða þeir vextir því lagðir til grundvallar, sbr. einnig til hliðsjónar dóma Hæstaréttar í málum nr. 623/2016 frá 12. október 2017 og nr. 672/2012 frá 24. apríl 2013 en í þeim dómum var því einmitt slegið föstu að nýta skyldi upphaflega vexti í tilvikum þar sem umsamin heimild til að breyta vöxtum taldist ekki eiga við rök að styðjast.

81. Að mati dómsins er stefnendum ekki hald í því að skírskota til svonefndra gengislánadóma málstað sínum til stuðnings um að beita eigi vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Aðstæður voru þar ólíkar eins og til dæmis kemur fram í dómi Hæstaréttar nr. 471/2010 frá 16. september 2010. Grundvöllur þess að ekki varð byggt á ákvæðum lánasamninga um gengistryggingu í því máli sem Hæstiréttur leysti úr byggði ekki á ógildingarákvæðum III. kafla laga um sanningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, heldur meðal annars á því að gengistrygging stríddi gegn ófrávíkjanlegum ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu. Að auki hefðu vextir í því tilviki verið tengdir beint við vexti á millibankamarkaði í London af lánum í þeim myntum sem hin ógilda gengistrygging miðaðist við. Fullljóst þótti að slík vaxtakjör hefðu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu lánsins enda lánið eftirleiðis í íslenskum krónum. Af þessum sökum þótti hvorki unnt að styðjast við fyrirmæli um vexti í lánasamningi óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak þar sem LIBOR-vextir hefðu aldrei verið til af lánum í íslenskum krónum á millibankamarkaði í London.
82. Slík nálgun að beitt yrði vöxtum samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu myndi ekki gefa raunsanna mynd af réttarsambandi aðila. Þar er meðal annars til þess að líta að það er staðreynd að skuldabréf stefnenda nutu mjög takmarkaðra trygginga með sjálfskuldarábyrgð hvors þeirra um sig á láni hins sem svo endurspegladist í 2% vaxtaálagi sem hluta af lánakjörum þeirra. Tryggingarstaða stefnda gagnvart þessum útlánum var í raun sú sama og ef gefið hefði verið út eitt skuldabréf sem stefnendur hefðu bæði verið skuldarar að án ábyrgðarmanna, til uppgreiðslu þess yfirdráttar sem lántakan tók mið af. Þetta vaxtaálag sem var hluti af vaxtakjörum skuldabréfanna styðst þannig við málefnaleg rök sem engar forsendur eru til að líta framhjá, líkt og í raun er lagt til grundvallar í aðal- og varakröfum stefnenda. Þessar aðstæður stefnenda breyttust ekkert á lánstímanum, til dæmis þannig að settar væru viðbótartryggingar af þeirra hálfu. Því

sköpuðust ekki forsendur til að breyta vaxtaálaginu en árétta skal að skilmáli skuldabréfanna kvað einmitt á um heimild til breytinga vaxtanna af þessari ástæðu.

83. Þá liggur fyrir að stefnendur andæfðu í engu skyldu sinni til að greiða þá breytilegu vexti sem stefndi krafði þau um á þeim 15 árum sem þau voru að greiða lánin. Það var fyrst á árinu 2021, í kjölfar athugasemda Neytendasamtakanna, sem stefnendur virðast hafa leitað fulltingis lögmanns sem tekið hafði að sér hagsmunagæslu í málum af þessu tagi í samstarfi við samtökin. Stefnda var ritað bréf 18. júní 2021 af þessu tilefni en þá voru skuldabréfin uppgreidd. Á því er byggt af hálfu stefnda að með þessum framgangsmáta hafi stefnendur sýnt af sér slíkt tómlæti að þau hafi fyrirgert hugsanlegum rétti til endurgreiðslu.
84. Ekki verður fallist á framangreinda málsástæðu enda hefur verið komist að þeirri niðurstöðu í öðrum tilvikum að skylda lánveitanda til endurgreiðslu á grundvelli 5. mgr. 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu leiði til þess að lántaki hafi ekki fyrirgert rétti sínum á grundvelli tómlætis, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 672/2012 sem áður var vísað til.
85. Á hinn bóginn liggur fyrir að fyrning í máli þessu var ekki rofin fyrr en með höfðun þessa dómsmáls sem átti sér stað með birtingu stefnu 8. desember 2021. Engar forsendur eru til að fallast á málatilbúnað stefnenda um að lengdur fyrningarfrestur eigi að gilda samkvæmt 10. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda. Ágallar á skuldabréfum stefnenda hafa í raun blasað við þeim allan tímann þannig að staðreyndir málsins máttu vera þeim ljósar en vanþekking á lögum er ekki réttlætningarástæða sem leitt getur til þess að fyrning komi ekki til álita á uppgreiddum skuldabréfum sem voru til 15 ára. Breytir staða stefnenda sem neytenda því ekki.
86. Allar fjárhæðir sem stefnendur hefðu átt rétt á fyrir 8. desember 2017 eru þannig fyrndar, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, enda hvergi að því vikið í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu að aðrar fyrningarreglur gildi um slíkar endurgreiðslur en endranær.
87. Samkvæmt öllu framangreindu verður stefndi sýknaður af aðalkröfum stefnenda um greiðslur sem taka mið af endurreikningi á grundvelli 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá fyrsta gjalddaga 1. júlí 2006, samkvæmt 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu sem leitt hefði til þess að skuldirnar samkvæmt skuldabréfunum hefðu verið uppgreiddar 24. júní 2016 og að allar greiðslur frá þeim tíma hafi verið ofgreiðslur og því endurkrefjanlegar. Stefndi verður einnig sýknaður af varakröfum stefnenda enda byggja þær á sömu útreikningsforsendu um endurútreikning á grundvelli 4. gr. en að

teknu tilliti til fyrningar þannig að endurkröfur sem eru eldri en 8. desember 2017 teljist fyrndar.

88. Sama á við um þann útreikning sem stefndi vill horfa til í þessu tilliti. Hann er sama marki brenndur og framangreindar kröfur stefnenda. Útreikningurinn felur í sér að stefnendum væri tækt að krefjast fjárhæðar sem næmi mismun þeirra vaxta sem stefnendur greiddu frá desember 2017 að telja þar til skuldbréfin voru uppgreidd í júní 2021 og útreiknaðra vaxta samkvæmt 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Þar sem komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að miða beri við að umsamdir vextir haldi gildi sínu en ekki eigi að miða við vexti samkvæmt 4. gr. missir þessi framsetning stefnda marks.
89. Eftir standa þannig þrautavarakröfur stefnenda um endurgreiðslur að álitum sem stefnendur byggja á útreikningum sem stefndi hefur lagt fram. Stefndi hefur meðal annars reiknað út miðað við tvær ólíkar forsendur hver ofgreiðsla stefnenda væri ef skuldabréf stefnenda hefðu borið upphaflega vexti sem fasta vexti 7,25%, sem tilgreindir eru á skuldabréfum stefnenda.
90. Annars vegar lýtur útreikningur stefnda að endurreikningi lána stefnenda frá fyrsta gjalddaga 1. júlí 2006 þannig að allir gjalddagar séu reiknaðir upp á nýtt. Sá útreikningur felur í sér að skuldabréf stefnandans Berglindar hefði verið uppgreitt í nóvember 2018 og allar greiðslur þar á eftir teldust vera ofgreiðslur, samtals 951.914 krónur. Skuldabréf stefnandans Tómasar á þessum grunni myndi teljast hafa verið uppgreitt í ágúst 2018 og allar greiðslur þar á eftir teldust vera ofgreiðslur, samtals 999.307 krónur.
91. Hins vegar lýtur útreikningur stefnda að því að einungis væri horft á endurreikning þeirra gjalddaga sem féllu til á því tímabili sem teldist ófyrnt, það er að segja frá og með desember 2017 þannig að allir gjalddagar sem féllu til eftir þann tíma séu endurreiknaðir. Sá útreikningur felur í sér að skuldabréf stefnandans Berglindar hefði verið uppgreitt í desember 2020 og allar greiðslur þar á eftir teldust vera ofgreiðslur, samtals 124.229 krónur. Skuldabréf stefnandans Tómasar á þessum grunni myndi líka teljast hafa verið uppgreitt í desember 2020 og allar greiðslur þar á eftir teldust vera ofgreiðslur, samtals 108.711 krónur.
92. Í ljósi framangreindrar niðurstöðu um að greiðslur eldri en frá 7. desember 2017 séu fyrndar verður útreikningar stefnda sem taka mið af þeirri forsendu lagðir til grundvallar. Þannig verður stefndi dæmdur til að greiða stefnandanum Berglindi 124.229 krónur og stefnandanum Tómasi 108.711 krónur.

93. Báðir stefnendur krefjast greiðslu dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 1. júní 2021 en eins og hér stendur á, sérstaklega hvað varðar mála-tilbúnað um fjárhæð stefnukröfu, þykir rétt að stefndi greiði stefnendum dráttarvexti frá þeim degi sem málið var höfðað, 8. desember 2021, sbr. 4. mgr. 5. gr. laganna.
94. Í ljósi niðurstöðu málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum hluta af málskostnaði þeirra eins og í dómsorði getur að líta, sbr. 3. mgr. 130. gr. Stefnendur hafa lagt fjárhæð málskostnaðar í mat dómsins sem þannig er metinn að álitum að teknu tilliti til umfangs málsins en þó þannig að stefnda verður ekki gert að bera kostnað sem hlaust af málsmeðferð um kröfu stefnenda er laut að því að málinu yrði vísað til úrlausnar EFTA-dómstólsins sem var hafnað af dóminum. Eins verður að horfa til þess að niðurstaða dómsins byggir á þrautavarakröfu sem stefnendur settu fyrst fram 20. janúar 2022 er málið var tekið fyrir að nýju eftir dómtöku þess á grundvelli 104. gr. laga um meðferð einkamála. Fjárhæð málskostnaðar tekur einnig mið af hagræði af samlagsaðild stefnenda.

Af hálfu stefnenda flutti málið Ingvi Hrafn Óskarsson lögmaður og af hálfu stefnda flutti málið Andri Árnason lögmaður.

Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Landsbankinn hf., greiði stefnanda, Berglindi Önnu Zoega Magnúsdóttur, 124.229 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. desember 2021 til greiðsludags.

Stefndi, Landsbankinn hf., greiði stefnanda, Berglindi Önnu Zoega Magnúsdóttur, 750.000 krónur í málskostnað.

Stefndi, Landsbankinn hf., greiði stefnanda, Tómasi Kristjánssyni, 108.711 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. desember 2021 til greiðsludags.

Stefndi, Landsbankinn hf., greiði stefnanda, Tómasi Kristjánssyni, 750.000 krónur í málskostnað.

Björn L. Bergsson

